

Nð.

324. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 43, 10. nóv. 1913 [Landskiftalög].

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. grein laganna orðist svo:

Eftir lögum þessum geta komið til skifta að nokkru eða öllu leyti heimalönd sveitajarða og afrjettarlönd, sem jöfnum höndum eru notuð til vetrarþeitar, tún, sáðreitir, engi, landsnytjar aðrar og hlunnindi, svo og mannvirki, sem tvö eða fleiri býli hafa til samnota og ekki hefir verið áður skift til eignar eða afnota, svo sannað verði eða viðurkennt af öllum eigendum.

Nú er túni, sáðreitum, slægjum eða öðrum landsnytjum á sameignarjörð áður skift, og hafa skiftin ekki verið staðfest samkvæmt 10. eða 13. gr. þessara laga, og má þá krefjast skifta að nýju, að svo miklu leyti, sem þau geta gert hagkvæmara skipulag á hverri eign fyrir sig og eru í samræmi við ákvæði 6. gr. 2. málsl., 7. gr. og 8. gr.; þó skal þess gætt að raska ekki hlutföllum ræktaðs lands, nema samþykki aðilja komi til.

2. gr.

2. grein laganna orðist svo:

Hver einstakur eigandi eða umráðamaður jarðar, jarðarþarfs eða landsnytja getur krafist skifta samkvæmt lögum þessum. Skiftin skulu vera til fullrar eignar og ætíð miðuð við viðurkend og á lögmætan hátt staðfest eignahlutföll lands og landsnytja, er skifta á. Skal ekki aðeins farið eftir stærð lands að flatarmáli, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Eigi má þó staðbundin skifti gera á námarjetti, þar með talið mótak, veiði í vötnum eða sjó, selveiði, fuglaveiði með háf eða skotum, reka, vergögnum, lóðagjöldum, beitutekju, þörungum fóstum og lausum og fjörubeit, nema samþykki allra eigenda komi til.

Nú hafa eignahlutföll á sameignarjörð breyst við jarðamat (endurmat) fyrir misjafna ræktun eða aðrar verklegar framkvæmdir eigenda eða ábúanda, og breytast þá eigi fyrir það eignahlutföll óskifts lands eða landsnytja.

Nú er ágreiningur um eignahlutföll óskifts lands eða landsnytja og næst ekki samkomulag, verður þá eigi úr því skorið nema með dómi.

Um umráð og notkun vatns og fallvatna, svo og um girðingar, fer eftir almennum lögum.

3. gr.

3. grein laganna orðist svo:

Úttektarmenn skulu vera matsmenn og gera skiftin hver í sínu umdæmi. Ef úttektarmaður er hindraður, við málið riðinn eða nákominn aðilj-

um, kveður sýslumaður annan í hans stað. Sýslumaður skal og kveðja oddamann til skiftagerða. Skal hann vera formaður matsmanna, stýra skiftum og annast bókun skiftagerðar. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum.

Matsmenn fá þóknun fyrir skifti eftir 6. og 7. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917. Oddamaður fær þó $\frac{1}{6}$ hlut hærri þóknun að öllu samlögðu en hinir.

4. gr.

4. grein orðist svo:

Þegar skifta skal landi eða landsnyttjum, skal bjóða öllum eigendum og öðrum þeim, er notkunarrjett hafa á því, er til skifta getur komið, að vera við skiftin og gefinn kostur á að upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki fyrir það lengur en nauðsyn krefur. Hið sama gildir og við yfirmat, en ekki skulu þeir þó viðstaddir, er matsmenn eða yfirmatsmenn ræða milli sín úrslit skiftanna eða ráða þeim til lykta.

Hver sá eigandi, sem er óánægður með skiftin, getur heimtað yfirmat. Rjett til að heimta yfirmat hefir einnig hver veðhafi í eign þeirri, er skift er, um eitt ár frá því að sýslumaður hefir tilkynt honum skiftin.

5. gr.

5. grein orðist svo:

Sýslumaður skal dómkveðja 4 menn óvilhalla til að framkvæma yfirmat, en sjálfur skal hann vera formaður þeirra og stýra matinu. Heimilt er honum þó að kveðja annan í sinn stað. Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 7 krónur og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar sýslumaður reikninga yfirmatsmanna; þó má skjóta úrskurði hans undir fullnaðarúrskurð dómsmálaráðuneytisins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs.

Kostnað við skifti greiði sá, er þeirra beiðist, ef skiftatilaun verður árangurslaus sökum vanheimilda, svo og við yfirmat, ef engin breyting er gerð á skiftum; ella skiftist allur kostnaður á eigendur að tiltölu við eignahlutföll þess, er skiftin ná til.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og þau hafa hlotið konunglega staðfestingu. Skal þá jafnframt meginmál þeirra fært inn í aðallögin og þau þannig gefin út í einni heild sem lög frá Alþingi.